

Stækkun seiðaeldisstöðvar í Eyjarlandi, Bláskógabyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 12. maí 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Veiðifélagi Eystri-Rangár um stækkun seiðaeldisstöðvar í Eyjarlandi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.09 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Stækkun seiðaeldisstöðvar í Eyjarlandi, Bláskógabyggð. Matsskyldufyrirspurn. Veiðifélag Eystri-Rangár - Efla. 12. maí 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Bláskógabyggð 23. júní 2022, Fiskistofu 31. ágúst 2022, Hafrannsóknastofnun 16. júlí 2022, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 30. júní 2022, Matvælastofnun 15. júní 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 29. júní 2022, Orkustofnun 6. Júlí 2022 og Umhverfisstofnun 29. júní 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 5. júlí, 11. júlí, 16. ágúst, 13. september og 14. september 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í framleiðsluaukningu á seiðum í seiðaeldisstöð Veiðifélags Eystri-Rangár í Eyjarlandi, Bláskógabyggð. Ásamt stækkun á seiðaeldishúsi og fjölgunar kerja á svæðinu. Félagið hefur nú rekstrarleyfi fyrir 19,9 tonna hámarkslífmassa á laxi, urriða og bleikju en félagið hyggst sækja um leyfi fyrir allt að 25 tonna hámarkslífmassa. Framkvæmdaraðili áætlað að núverandi framleiðsla stöðvarinnar nemi um 13-14 tonna hámarkslífmassa á ári og komi til með að aukast á komandi árum. Lífmassi stöðvarinnar er mestur síðla vetrar og á vorin. Tekið er á móti laxa, urriða- og bleikjuhrognum til eldis að hausti til og klak á sér stað yfir veturinn. Að vori ári síðar hafa seiðin náð sjógöngustærð og eru þá flutt úr eldisstöðinni í sérhönnuðum bíl og sett í sleppitjarnir í Eystri- Rangá.

Á svæðinu er yfirbyggt seiðaeldishús, um 507 m² auk 409 m² svæðis með útikerjum, alls 14 talsins. Stærð seiðaeldisstöðvarinnar annar ekki 25 tonna framleiðslu og því stendur til að fjölga kerjum og stækka seiðaeldishúsið. Við 25 tonna framleiðslu er gert ráð fyrir allt að 26 kerjum utandyra auk þess sem áætlað er að stækka seiðaeldishúsið þannig að hægt sé að bæta við um 6-12 kerjum innandyra. Auk þessa er gert ráð fyrir tilheyrandi búnaði s.s. hreinsimannvirki, dælum, loftbúnaði, starfsmannaaðstöðu og skemmu. Gert er ráð fyrir að fóðuráfyllingarkerfin verði innandyra. Áætluð fóðurþörf stöðvarinnar við 25 tonna framleiðslu er um 25,8 tonn af þurrfóðri á ári.



Í eldisstöðina renna um 100 l/s af köldu lindarvatni og um 6 l/s af heitu vatni úr Úteyjarhver. Ekki er þörf á frekari vatnstöku við stækkunina.

Afrennsli frá stöðinni rennur í gegnum tvær setþrær á lóð eldisstöðvarinnar og þaðan um 3,4 km leið í Apavatn. Fyrst rennur afrennsli frá settjörnum í opnum skurðum um 1,2 km leið í Djúpin, sem er þverá í Grafará, sem rennur í Apavatn. Farvegur afrennslis um Djúpin í Grafará er um 2,2 km að lengd.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Veiðifélags Eystri-Rangár og umsögnum umsagnaraðila.

Vatnstaka

Í greinargerð Veiðifélags Eystri-Rangár kemur fram að í eldisstöðina renni um 106 l/s af lindarvatni, úr lindum ofan Laugarvatnsvegar. Lindirnar sjáist ekki ofan jarðar en þær voru virkjaðar milli 1980 og 1990. Ekki sé þörf á frekari vatnstöku vegna stækkunarinnar og ekki hafi verið þörf fyrir borun eftir vatni til að sinna framleiðslu stöðvarinnar hingað til. Vatnið sé leitt inn að seiðaeldisstöðinni með 400 mm plastlögn sem sé niðurgrafin. Hluti vatnsins, 6 l/sek, sé leitt í varmaskipti í Úteyjarhver áður en það sé leitt aftur að Eyjarlandi með nýrri einangraðri lögn.

Fráveita og viðtaki

Í greinargerð Veiðifélags Eystri-Rangár kemur fram að afrennsli frá stöðinni renni um tvær settjarnir og þaðan í opnum skurðum um 1,2 km leið í Djúpin, sem er þverá í Grafará, sem rennur síðan í Apavatn. Farvegur afrennslis um Djúpin og Grafará er um 2,2 km að lengd.

Vistfræðilegt ástand Apavatns sé metið mjög gott og ekkert álag skráð á vatnshlotið. Vistfræðilegt ástand Djúpanna og Grafará hafi ekki verið flokkað og ekkert álag sé skráð á vatnshlotin.

Helstu fiskitegundir í Apavatni séu bleikja og urriði, einnig sé laxgengt í vatnið. Bleikja og urriði gangi í Grafará úr Apavatni til hrygningar og eru árnar hluti af seiðauppeldi þessara tegunda.

Í greinargerðinni kemur fram að áætlað sé að um 724 kg af nitri og 55 kg af fosfór berist í Apavatn yfir 12 mánaða tímabil miðað við 19,9 tonna framleiðslu. Miðað við 25% aukningu úr 19,9 tonnum í 25 tonna framleiðslu megi gera ráð fyrir 25% aukningu í fóðurnotkun sem leiði til þess að styrkur næringarefna sem skili sér í viðtakann sé rúmlega 25% meiri heldur en við 19,9 tonna framleiðslu. Því sé áætlað að eftir stækkun í 25 tonna framleiðslu muni um 910 kg af nitri og 69 kg af fosfór berast í Apavatn yfir 12 mánaða tímabil.

Hafrannsóknarstofnun segir í umsögn sinni að nauðsynlegt sé að gera nákvæmari mælingar á N og P í frárennsli stöðvarinnar til að greina hvort að starfsemin hafi í för með sér aukningu í næringarefnum í viðtaka sem valdið getur hnignun vatnsgæða. Mælingar sem sýndar eru í greinargerð séu ótrúverðugar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að ómögulegt sé að leggja mat á hvort magn næringarefna sem gefin eru upp í mælingum í greinargerð standist þau viðmiðunargildi sem sett eru fyrir Djúpin, Grafará og Apavatn. Það komi ekki fram hvort um síuð eða ósíuð sýni sé að ræða né hvort um stök sýni eða ársmeðaltal sé að ræða. Þörf sé á að gera mælingar sem sýna fram á árstíðarbundnar breytingar í næringarefnagildum með endurteknum mælingum til þess að hægt sé að leggja mat á áhrif aukins álags á vatnakerfið með stækkun eldisins. Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til að framkvæmdin fari í umhverfismat af þessum sökum.

Veiðifélag Eystri Rangár segir í svörum sínum að hlutfallsleg aukning niturs og fosfórs verði einungis 0.1% á ársgrundvelli miðað við 20 tonna framleiðslu. Það starfsleyfi sem sé í gildi fyrir tæplega 20



tonna ársframleiðslu tilgreinir að losun fosfórs í viðtaka megi ekki fara fram úr 7kg/tonn af lífmassa á ári og 60 kg/tonn af köfnunarefni af lífmassaaukningu á ári. Fram að þessu hafi styrkur næringarefna ekki farið yfir þessi viðmið. Framkvæmdaraðili segir einnig að þörf sé á að skilvirk vöktunaráætlun verði gerð í samráði við leyfisveitendur. Með skilvirkri vöktun sé hægt að fylgjast vel með árstíðarbundnum breytileika á styrkleika lífrænna efna í viðtaka samhliða aukinni framleiðslu. Mikilvægt sé að viðunandi viðmiðunarmörk séu sett fram í vöktunaráætlun og að hægt sé að grípa til ferla og mótvægisáðgerða þegar þörf krefur.

Frárennsli og meðhöndlun úrgangs

Í greinargerð Veiðifélags Eystri-Rangár kemur fram að unnin hafi verið áætlun um söfnun og förgun úrgangs. Áætlað magn dauðfisks sé um 377 kg á ári. Framkvæmdaraðili ætli að setja upp meltutank við seiðaeldistöðina og nýta meltu til uppgræðslu og landgræðslu á landi. Áætlað magn botnfalls í setþróum sé um 1.256 kg á ári af föstu efni og muni lífrænn úrgangur úr botni setþróa einnig verða nýttur til landgræðslu.

Slysasleppingar og sjúkdómavarnir

Í greinargerð Veiðifélags Eystri-Rangár kemur fram að frárennsli frá stöðinni sé leitt í gegnum öryggis ristar og utanhúss í gegnum tvöfalt ristarkerfi til varnar sleppingum. Öll ker hafi ristar við útrennsli en útiker séu útbúin með öryggisrist til varnar slysasleppingum ef ker yfirfyllast af einhverjum orsökum. Ristar séu festar í hvert ker með skrúfum og límkiti. Möskvi ristar sé valinn með tilliti til fiskistærðar og ristargildrur megi finna við innrennsli og útrennsli í settjörn.

Unnin hafi verið viðbragðsáætlun ef til slysasleppinga kemur, í henni má meðal annars sjá hvað skal gera í slíkum tilfellum og hver ber ábyrgð á þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru.

Í greinargerð Veiðifélags Eystri-Rangár kemur fram að nýrnaveikisýni eru tekin úr öllum hryggnum af dýralækni Mast við hrognatöku og eru hrognum eytt úr þeim hryggnum sem greinast jákvæð. Jákvæð sýni séu afar fá á ári hverju. Seiði séu síðar böðuð í formalíni ef þurfa þykir en ekki sé mikil þörf á því vegna þess hve hátt þh gildi sé í vatni stöðvarinnar.

Hafrannsóknastofnun bendir á í umsögn sinni að mikilvægt sé að bæta við tromlusíum í frárennslið til að hindra að fiskar sleppi út í umhverfið svo að sleppivarnir geti talist fullnægjandi.

Veiðifélag Eystri-Rangár segir í svari sínu að við útgáfu núverandi starfsleyfa hafi ekki verið gerðar athugasemdir við tilhögun sleppivarna. Þær séu útbúnar þannig að þær dragi sem mest úr hættu á slysasleppingum stöðvarinnar og viðbragðsáætlun hafi verið gerð. Núverandi sleppivarnir hafi reynst vel og stækkunin verði byggð sömu sleppivörnum. Framkvæmdaraðili telur ekki verða aukin hættu á slysasleppingum með auknum lífmassa stöðvarinnar. Það sé mat framkvæmdaraðila að núverandi sleppivarnir teljist fullnægjandi og ekki sé þörf á tromlusíum við frárennsli stöðvarinnar.

Gróður og hverfisvernd

Í greinargerð Veiðifélags Eystri-Rangár kemur fram að framkvæmdarsvæðið einkennist af skóglendi þar sem ríkjandi vistgerð er birkiskógur. Vistgerðin hafi hátt verndargildi og sé á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnist verndar. Framkvæmdarsvæðið sé hverfisverndað sökum birkikjarrs. Birkið á framkvæmdarsvæðinu sé gisið og ungt og á víð og dreif um svæðið, plöntur dreifi sér hratt með sjálfssáningu.

Framkvæmdarsvæðið sé nú þegar raskað og um minniháttar viðbót við núverandi mannvirki um að ræða. Fyrirhuguð stækkun gæti raskað birkiskógi að einhverju leyti en raskið verði óverulegt. Framkvæmdaraðili muni forðast óþarfa rask á birki á svæðinu.

Fuglalíf

Í greinargerð Veiðifélags Eystri-Rangár kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé staðsett innan svæðis sem flokkað sé sem mikilvægt fuglasvæði og kallast Suðurlandsundirlendi. Á svæðinu sé



mikið fuglalíf og þétt varp ýmissa tegunda. Fuglalíf á framkvæmdarsvæðinu einkennist af fuglategundum sem halda sig í kjarrskógum og sé þar algengustu tegundirnar skógarþröstur, þúfutittlingur, hrossagaukur og músarindill.

Mögulegt þykir að birkiskógi á framkvæmdarsvæðinu verði raskað að einhverju leyti við stækkunina og metur framkvæmdaraðili raskið lítið, það muni ekki hafa veruleg áhrif á fuglalíf þar sem um lítið svæði sé að ræða. Töluvert stærra svæði sé umhverfis framkvæmdarsvæðið sem fuglar geti sótt í. Vöxtur birkikjarrs á svæðinu sé hraður og útbreiðslan nokkur og því metur framkvæmdaraðili það svo að ekki sé þörf á mótvægisáðgerðum vegna rasksins.

Framkvæmdaraðili mun halda áfram að vakta settjarnir með tilliti til ágangs fugla en hingað til hefur hann ekki orðið var við slíkt. Net munu vera sett yfir ef bera fer á slíku.

Fornminjar

Í greinargerð Veiðifélags Eystri-Rangár kemur fram að engar fornleifar hafi verið skráðar á Eyjarlandi og á svæðinu séu engar þekktar minjar. Rask verði að mestu leyti bundið við landssvæði sem nú þegar sé búið að raska og því sé ólíklegt að áður óþekktar fornminjar verði fyrir raski.

Ef óþekktar fornminjar finnast á svæðinu á framkvæmdartíma sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verði haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns Minjastofnun ákveður annað.

Ásýnd

Í greinargerð Veiðifélags Eystri-Rangár kemur fram að núverandi mannvirki séu nokkuð áberandi í landslaginu, mótað af tönkum og mannvirkjum núverandi fiskeldis ásamt gróðri og öspum. Fyrirhuguð uppbygging verði áþekk að stærð og lögun og þær sem fyrir standa og uppfylli skilyrði sem verða í nýju deiliskipulagi.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélags Bláskógabyggðar 2015-2027. Þar segir að svæðið skuli deiliskipulag áður en gefin verði heimild til stækkunar. Ekkert deiliskipulag er til fyrir svæðið en EFLA vinnur nú að því.

Lóðin er undir hverfisvernd vegna birkikjarrs. Skilmálar eru um að halda skuli byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

Til starfrækslu fiskeldisstöðvar þarf starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og rekstrarleyfi frá Matvælastofnun.

6 Niðurstaða

Um er að ræða stækkun seiðaeldisstöðvar í Eyjarlandi, Bláskógabyggð úr 19,9 tonna hámarkslífmassa í 25 tonn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.09 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar og mengunar sem varða framkvæmdina sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu



framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd sem og álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð eldisaukning er töluverð í hlutfalli við það eldi sem er til staðar. Eftir stækkun verður umfang eldisins samt sem áður lítið að mati Skipulagsstofnunar. Við framleiðsluaukninguna mun magn úrgangs sem kemur frá stöðinni aukast. Viðtaki frárennslisins er Apavatn sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna verndargildis vatnsins fyrir fuglalíf og ferskvatnslífriki. Vatnsgæði Apavatns eru samkvæmt umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands ekki talin undir álagi og vistfræðilegt ástand þess gott. Það hafi þó ekki farið fram úttekt á vistkerfi/lífriki vatnsins síðan í ágúst 1993 og núverandi ástand vatnsins því ekki þekkt á fullnægjandi hátt.

Í umsögnum Hafrannsóknastofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á á gildi úr mælingum framkvæmdaraðila á nitri og fosfór í Grafarósi og Hagaósi í Apavatni séu um 10 sinnum hærrí en úr mælingum sem fram fóru í Apavatni árið 1993. Bendir Hafrannsóknastofnun á að séu niðurstöður mælinga réttar þá séu Grafarós, Apavatn og Hagaós líklega menguð af lífrænum efnið sem leiði til þess að vötnin falli í umhverfisflokk III skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Þá bendir Umhverfisstofnun á að öll vatnshlot eigi að ná umhverfismarkmiðum sínum og að ástand þeirra megi ekki rýrna. Gerist slíkt þurfi að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið.

Í gögnum framkvæmdaraðila er að finna útreikninga á áætlaðu innstreymi næringarefna í Apavatn og innstreymi næringarefna frá eldisstöðinni Eyjarlandi. Notast var við mælingar í útfalli fiskeldisstöðvarinnar og er magn niturs gefið upp sem 0,5 mg/liter í þeim 106 l/sek sem renna frá stöðinni. Mæliaðferðin sem notast var við hefur þó ekki næmni til að mæla gildi lægri en 0,5 mg/liter og því kann að vera að raunverulegt magn niturs í frárennsli stöðvarinnar sé minna.

Að mati Skipulagsstofnunar má vera ljóst að einungis lítill hluti af næringarefnum sem berast í Apavatn kemur frá Eyjarlandi. Það þarf þó að hafa í huga samlegðaráhrif af eldisstöðinni og öðru álagi á vatnshlotið. Það er því mikilvægt að tryggja að fyrirhuguð framleiðsluaukning leiði ekki til hnignunar á vistfræðilegu ástandi viðtakans. Með framangreint í huga, og með tilliti til umsagna Hafrannsóknastofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, telur Skipulagsstofnun mikilvægt að í starfsleyfi verði kveðið á um viðeigandi vöktun í viðtaka til að tryggja að vistfræðilegu ástandi hnigni ekki. Þá telur Skipulagsstofnun rétt að í starfsleyfi verði kveðið á um mögulegar aðgerðir sem ráðast beri í gefi niðurstöður vöktunar tilefni til. Þá kann að vera ástæða til að kveða á um tíðni og fyrirkomulag tæmingar settjarna.

Að mati Skipulagsstofnunar er mikilvægt að mælingar á næringarefnum séu gerðar með þeirri nákvæmni sem þarf til að varpa ljósi raunverulegt magn næringarefna sem berst frá eldisstöðinni. Þar af leiðandi telur Skipulagsstofnun þörf á því að við útgáfu starfsleyfis verði kveðið á um nákvæmni mælinga.

Fyrirhuguð stækkun eldisstöðvarinnar í Eyjarlandi felur í sér uppbyggingu mannvirkja. Aukið byggingamagn kann að auka sýnileika bygginga og verða þ.a.l. meira áberandi. Skipulagsstofnun leggur áherslu á vandaðan frágang svæðisins en þannig má draga úr ásýndaráhrifum stöðvarinnar. Skipulagsstofnun bendir á að í aðalskipulagi er kveðið á um að halda byggingarframkvæmdum í lágmarki og að þess sé gætt að framkvæmdir leiði til eins lítillar röskunar og hægt er sökum hverfisverndar birkikjarrs.

Breytingin mun ekki fela í sér rask á fornminjum né fuglalífi. Þá verður vatnsnotkunin óbreytt frá því sem verið hefur og mun breytingin því ekki leiða til aukinnar notkunar lindarvatns.



Sleppi fiskar úr eldinu geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum ef þeir berast í náttúrulegt umhverfi. Í umsögn Hafnarrannsóknastofnunar kemur fram að stofnunin telur þörf á að komið sé fyrir tromlusíu til að fyrirbyggja slysasleppingar enn frekar. Að mati Skipulagsstofnunar, og með vísan til umsagna Fiskistofu og Matvælastofnunar, eru sleppivarnir stöðvarinnar til þess fallnar til að draga verulega úr líkum á að fiskur sleppi en ristar eru á öllum kerjum auk þess að frárennsli fer svo í gegnum þrjár ristar til viðbótar á leið til viðtaka.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist einna helst í mögulegum áhrifum frárennslis frá stöðinni í viðtaka sinn. Með vísan til umsagnar Umhverfisstofnunar þar sem segir að ef eftirlit með starfsemi bendir til þess að hreinsun frárennslis sé ábótavant getur stofnunin farið fram á að breytingar verði gerðar á henni sem og fyrirkomulagi umhverfisvöktunar. Skipulagsstofnun telur að með virkri vöktun og mögulegum mótvægisáðgerðum, sem geta falist í endurskoðun starfsleyfa, séu litlar líkur á að gengið verði of nærri álagsþoli náttúrunnar. Að mati Skipulagsstofnunar er líklegt að önnur áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. október 2022.

Reykjavík, 19. september 2022

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir